

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Litháens.

Sameiginleg nefnd EFTA og Litháens tók á árinu 2000 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Litháens frá 7. desember 1995, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 5/1996, 28/1997 og 28/1999, og öðlast þær gildi sem hér segir:

<i>Nr.</i>	<i>Dags.</i>	<i>Efni</i>	<i>Gildistaka</i>
1/2000	07.12.2000	Breytingar á bókun A	01.01.2001
2/2000	07.12.2000	Breytingar á bókun B	01.01.2001

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að þeim. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.